

Nd.

**301. Nefndarálit**

[61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess, og skilar minni hl. n. séráliti, en meiri hl. færir þessi rök fram fyrir afstöðu sinni til frv.:

Árið 1936 keypti ríkissjóður jörðina Holt í Dyrhólahreppi af Þorsteini Einarssyni.

Ástæðan til kaupanna var sú, að óttast var, að vatnaágangur mundi eyðileggja eða rýra til muna nytjaland jarðarinnar við það, að Hafursá og Klifanda var veitt saman í einn farveg.

Jörðin var eftir þetta í ábúð til ársins 1943, en hefur síðan verið nytjuð til beitarráðs og slægna frá Nikhól, þar sem ekkja Þorsteins, Jóhanna, og sonur hennar, Hörður, búa nú.

Árleg leiga hefur verið alla tíð hin sama, kr. 135.00.

Þó að Holt hafi enn ekki spillt svo af vatnaágangi sem upphaflega var gert ráð fyrir, hefur jörðin orðið fyrir spjöllum, og sá möguleiki er jafnt fyrir hendi nú að dómi kunnugra manna eins og hann var árið 1936, að frekari landspjöll geti átt sér stað.

M. a. bendir landnámsstjóri á þetta í umsögn sinni um mál þetta.

Einnig má benda á, að Klifandi hefur undanfarin ár hlaupið úr farvegi sínum, brotið varnargarð og skemmt nytjalönd.

Jarðirnar Álftagróf, sem er ríkisjörð, og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd, og gengur búsmali jarðanna saman.

Bóndinn í Álftagróf, sem þar hefur búið í tæp 40 ár, hefur sent landbúnaðarráðuneytinu bréf, sem Alþingi hefur borizt ljósrit af, þar sem hann telur, að búskap hans í Álftagróf sé stefnt í það mikinn voða, að hann muni segja ábýlisjörð sinni lausri, verði Holt selt.

Upplýst er, að eignir ábúandans í Álftagróf í mannvirkjum eru miklar og ríkissjóður er að lögum sem jarðareigandi skyldur að kaupa þær, standi ábúandinn upp af jörðinni.

Einnig hefur komið fram, að Jóhanna Sæmundsdóttir og sonur hennar, Hörður, geta áfram haft leiguafnot af Holti, en þannig er hægt að firra árekstrum vegna landsafnota milli ábúanda Álftagrófar og leigutaka Holts umfram það, sem gæti orðið, ef ríkið sleppti eignarhaldi á Holti.

Umsagna Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildar ríkisins var leitað um frumvarpið, og mæltu báðar stofnanirnar gegn því, að heimild væri veitt til sölu jarðarinnar.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, telur meiri hluti landbúnaðarnefndar svo þung rök mæla gegn því, að jörðin verði seld, að meiri hluti nefndar leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Steinþór Gestsson,  
form., frsm

Jón Þorsteinsson,  
fundaskr.

Jón Árnason.

Jónas G. Rafnar.